

First Water (áður Landeldi hf.)
Urðarhvarf 8B,
203 Kópavogur

, 12.8.2024
UST202402-144/A.E.H.
08.12.02

Efni: Reglubundið eftirlit þann 2.júlí 2024 - First Water Laxabraut 21,23 og 25, Þorlákshöfn, ID-491

Þann 2.júlí sl. fór fram reglubundiðeftirlit í First Water Laxabraut í Þorlákshöfn. Í samræmi við 57. grein reglugerðar nr. 550/2018 um losun frá atvinnurekstri og mengunarvarnaeftirlit sendist meðfylgjandi eftirlitsskýrsla.

Fjórar ábendingar voru settar fram í eftirlitinu er varða:

1. Reikna út fosfór og nitur út frá sýnatökum og skila inn í grænabókhaldi ásamt fóðurútreikningum.
2. Skila inn sundurliðuðu grænu bókhaldi fyrir stöðvar fyrirtækisins til að koma í veg fyrir misskráningu.
3. Mikið af fugli var við frárennslið.
4. Bent var á að taka vatnsýni þar sem allt frárennslisvatnið sameinast

Fimm frávik komu fram er varða:

1. Gr. 3.10 í starfsleyfi. Rekstraraðili skal útbúa áætlun um meðhöndlun úrgangs og vinna samkvæmt henni. Áætlun var ekki til þegar eftirlit fór fram og var henni skilað 8. júlí 2024 og telst því frávik lokað.
2. Gr. 4.3 í starfsleyfi. Rekstraraðili skal mæla magn heildarfosfórs (P-total) og heildarköfnunarefnis (N-total) við útrás frárennslis frá stöðinni a. m.k. tvisvar á ári, annars vegar við hámarksfóðrun (hámarksvöxt) hins vegar þegar fóðrun er í lágmarki. Einungis var ein mæling framkvæmd árið 2023.
3. Gr. 4.4 í starfsleyfi. Rekstraraðila ber að skila inn ársyfirliti og senda til eftirlitsaðila fyrir 1. maí ár hvert fyrir undangengið almanaksár. Ársyfirliti var ekki skilað fyrr en 7. maí 2024 og með ófullnægjandi upplýsingum. Umhverfisstofnun barst leiðrétt ársyfirlit 8. júlí 2024 og telst því fráviki lokað.
4. Gr. 4.5 í starfsleyfi. Rekstraraðila ber að skila inn grænu bókhaldi og senda til eftirlitsaðila fyrir 1. maí ár hvert fyrir undangengið almanaksár. Grænu bókhaldi var ekki skilað fyrr en 7. maí 2024, með ófullnægjandi upplýsingum.

Umhverfisstofnun barst leiðrétt grænt bókhald 8. júlí 2024 og telst því fráviki lokað

5. 2.gr. rgl.990/2008 um ústreymsibókhald. Rekstraraðila ber að skila inn ústreymsibókhaldi og senda til eftirlitsaðila fyrir 1. maí ár hvert fyrir undangengið almanaksár. Ústreymsibókhaldi var ekki skilað inn fyrr en 8. júlí 2024 og telst fráviki því lokað.

Umhverfisstofnun óskar í því sambandi eftir tímasettri áætlun um úrbætur á framangreindum atriðum í samræmi við 58. grein reglugerðar nr. 550/2018 og að áætlunin berist stofnuninni eigi síðar en 2. september 2024.

Virðingarfyllst

Auður Eyberg Helgadóttir
sérfræðingur

Sigríður Magnúsdóttir
sérfræðingur